

## G J A L D S K R Á

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með  
mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld.

<b>1. Vogarlóð:</b>			
Þyngd 1—200 g .....	kr.		60.00
Þyngd ½ kg—20 kg .....	—		140.00
Þyngd 50 kg .....	—		540.00
Þyngd 4—8 oz .....	—		60.00
Þyngd 1 lb.—13½ lb. ....	—		120.00
<b>2. Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur:</b>			
Burðarþol: Allar stærðir .....	—		2 400.00
<b>3. Jafnarma vogir:</b>			
Burðarþol: Allar stærðir .....	—		1 200.00
<b>4. Tugavogir, hundraðsvogir og rennilóðsvogir:</b>			
Burðarþol 10— 100 kg .....	—		1 300.00
Burðarþol 150— 500 kg .....	—		1 800.00
Burðarþol 600— 2 000 kg .....	—		3 000.00
Burðarþol 3 000—30 000 kg .....	—		11 500.00
<b>5. Vísavogir:</b>			
Burðarþol 1— 5 kg .....	—		1 300.00
Burðarþol 10— 25 kg .....	—		1 900.00
Burðarþol 50— 200 kg .....	—		2 300.00
Burðarþol 300— 5 000 kg .....	—		4 700.00
Burðarþol 10 000—30 000 kg .....	—		12 200.00
Burðarþol yfir 30 000 kg .....	—		19 600.00
<b>6. Rafmagnsvogir (tölvuvogir):</b>			
Burðarþol 1— 25 kg .....	—		3 000.00
Burðarþol 30—100 kg .....	—		4 700.00
<b>7. Kvarðar og málbönd:</b>			
Lengd ½ m—1 m .....	—		400.00
Lengd stálmálbönd allt að 50 m .....	—		1 200.00
Lengd mælivélar fyrir lengdarmál .....	—		1 500.00
<b>8. Mæliker:</b>			
Rúmtak 1 dl—2 l .....	—		270.00
Rúmtak 10 dl—50 l .....	—		340.00
Rúmtak vinmælar (veltimælar og kúlum.) 3—6 cl .....	—		1 600.00
<b>9. Rennslismælar fyrir olíur og bensín og bensínsölumælar:</b>			
Rennslismælar .....	—		1 800.00
Bensínsölumælar .....	—		1 200.00
<b>10. Rennslismælar fyrir mjólk</b>			1 800.00
<b>2. gr.</b>			
Vottorðagjald .....	—		800.00

## 3. gr.

Auk löggildingargjalds reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar yfir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, reiknast auk kaupgjalds ferðakostnaður, iðgjald af váttryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast gildi frá 11. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 4 13. janúar 1978.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. febrúar 1980.*

**Vilmundur Gylfason.**

*Hjalti Zóphóniasson.*

## REGLUGERÐ

fyrir daggjaldanefnd sjúkrahúsa.

## 1. gr.

Heiti nefndarinnar er daggjaldanefnd sjúkrahúsa. Hlutverk hennar er að ákveða gjald til opinberra sjúkrahúsa, hæla og annarra stofnana, sem vista sjúklinga, sem sjúkrasamlög eða sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins tryggja ókeypis vist, svo og gjaldskrá sömu stofnana vegna þjónustu við sjúklinga, sem ekki eru vistaðir í stofnuninni.

Nefnin ákvarðar einnig gjald sjálfseignarstofnana og einkaaðila fyrir þjónustu samkvæmt 1. mgr., þannig að það jafngildir samningi við Tryggingastofnun ríkisins, ef ákvörðun nefndarinnar er hlýtt.

## 2. gr.

Nefndina skipa 5 menn og skal einn skipaður af fjármálaráðherra, einn skipaður af Tryggingastofnun ríkisins, einn skipaður af Landssambandi sjúkrahúsa, einn skipaður af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn skipaður af heilbrigðismálaráðherra, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

## 3. gr.

Nefndin ákveður daggjöld og gjaldskrár þannig, að samanlagðar tekjur stofnunarinnar standi undir rekstrarkostnaði á hverjum tíma, miðað við þá þjónustu, er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið, að stofnunin veiti innan ramma fjárlaga.

## 4. gr.

Stofnanir skulu árlega fyrir 1. apríl láta daggjaldanefnd í té yfirlit yfir tekjur og gjöld liðins árs, svo og starfslið og starfsemi alla í því formi, sem nefndin ákveður. Skulu upplýsingar sundurliðaðar þannig, að fram komi, hvernig afkoma hvers einstaks þáttar í rekstri stofnunarinnar er. Skal nefndin láta stofnunum í té leiðbeiningar um uppsetningu bókhalds til þess að reikningar þeirra verði sambærilegir.